

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Borgarness nr. 91 26. maí 1971.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta árlegan vatnsskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Borgarneshrepps, sem standa við götu eða opin svæði og vatn er lagt í.

Almennur vatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamati mannvirkja og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Undanþága frá gjaldskyldu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.

Almennur vatnsskattur hverrar fasteignar skal hlíta ákvæðum um hámarks- og lágmarksgjald af hverjum rúmmetra í byggingum og enn fremur hlíta ákvæðum um lágmarksgjald af hverri fasteign.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat muni verða á eigninni fullfrágenginni.

Aukavatnsskatt skal leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnutæki, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern (rúmmetra) m³.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áeilaðri notkun. Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir samkomulagi og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn blutfallslega við útkomu þeirrar mælingar. Náist ekki samkomulag um mælingatíma sker sveitarstjóri úr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Borgarness.

1. gr.

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0,35% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.